

nautur skal fela einum manni í hverjum hreppi í samráði við hreppsnefnd að ákveða, hve mörgum stóðhestum má sleppa á afrétt. Enginn stóðhestur má ganga laus á afrétt, nema hann hafi fengið viðurkenningu hrossaræktarráðunautar eða manns í umboði hans. Slíka hesta skal merkja með LK á hægri lend, en bókstaf hrepps og númeri á vinstri.

Undanþágur þessar skulu því aðeins veittar, að fyrir liggi umsóknir um þær frá hlutaðeigandi hreppsnefndum, enda hafi þær áður verið ræddar á almennum hreppsfundum og hlotið meirahlutasamþykki búenda í viðkomandi hreppum og upp-
rekstrarfélögum. Undanþágur þessar skulu aldrei veittar lengur en til fimm ára í senn, og leita skal álits hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands um þær.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað
land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Hafnarfjarðarkaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.